



Voice Dream

Helstu atriði eftir að komið er inn í appið, búið að ná i rödd og opna skjal/ bók.

1. Gert er hlé á upplestri með því að ýta með tveimur fingrum á skjáinn. Ýttu aftur með tveimur fingrum til að halda áfram.
2. Meðan á upplestri stendur er hægt að skrolla niður og skoða textann án þess að það trufli upplestur. Til að fara til baka að því orði sem verið er að lesa upp - er smellt á skjá með tveimur fingrum.
3. Til að auka hraða upplesturs er ýtt upp á skjáinn með tveimur fingrum
4. Til að minnka hraðann er ýtt niður með tveimur fingrum.
5. Þegar skjárinn er í “full mode” eru stjórnunarhnappar fengnir fram með því að ýta á skjáinn með einum fingri.
6. Stjórnunarhnappar eru neðst í hægra horni skjásins. Hægt er að spóla hratt fram og tilbaka um setningar, greinaskil o.s.frv. Appið er stillt á paragraph (sjá neðst í hægra horni). Því má breyta með smelli til samræmis við það sem áður er sagt.
7. Hægt er að smella hvenær sem er á eitthvert orð innan textans og byrja að hlusta þaðan.
8. Með tveimur fingrum er textinn teygður út eða inn til að minnka eða stækka innihald þess texta sem sést á skjánum. Sú lína sem verið er að lesa upp er ávallt fyrir miðju skjásins.
9. “Home”- hnappurinn efst í vinstra horni flytur þig yfir í bókasafnið þitt (library).
10. Til að ná í nýtt efni er smellt á + merkið. Rafbækur frá Menntamálastofnun er best að taka inn með því að fara inn á þeirra vefsíðu og deila efninu þaðan inn í Voice Dream.
11. Efni af vefsíðum er einnig hægt að skoða í appinu. Efnið er sett inn í Voice Dream appið með deilingarhnappnum (kassi með ör upp úr).
12. Í Settings hnappnum neðst á síðunni er hægt að láta tækin þín fylgjast að (sync)4- þannig að þau séu öll eins er varðar Voice Dream.

